

Ed.

18. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 8. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 13% — þrettán af hundraði — söluskatt og auk þess 4% — fjögur af hundraði — söluskattauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

I.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og sköluskatti skv. 8. gr. laga nr. 10/1974, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi, til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni, skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts, er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.

III.

Í þeim mánuði, er lög þessi taka gildi, skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með gildistökudags þessara laga, en hinni vegna sömu starfsemi frá og með næsta degi eftir gildistökudag og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að söluskattur verði hækkaður um tvö prósentu-stig, úr 11% í 13%. Eftir þá hækkun yrðu þau gjöld, er lögð eru á söluskattstofn sam-

tals 19%, er skiptast þannig milli gjaldstofna: söluskattur 13%, söluskattaugi 4%, viðlagagjald 1%, og gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana 1%. Tvö síðastnefndu gjöldin eru þó tímabundin og eiga ekki að gilda lengur en til 28. febrúar 1975.

Greiðslustaða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka hefur versnað jafnt og þétt á undanförunum mánuðum. Valda því aukin útgjöld, einkum útgjöld vegna hækkaðra niðurgreiðslna svo og að fyrirsjáanlegt er, að niðurgreiðslur munu halda áfram lengur en fyrirhugað var. Hina erfiðu greiðslustöðu má og rekja til mjög erfiðs fjárhags ýmissa ríkisstofnana, t. d. Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, en sá dráttur, sem orðið hefur á, að fyrirtækjum þessum verði séð fyrir tekjustofnum í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaráætlanir þeirra, hefur haft í för með sér stóraukið útstreymi úr ríkissjóði. Virðist einsýnt, að mikið muni skorta á, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldum, ef ekki verður gripið til ráðstafana til að auka tekjur ríkisins. Áætlað er, að hvert söluskattstig gefi um 900 millj. kr. tekjur á ári. Þar sem 8% tekna af sölu-skatti er ráðstafað til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mun hlutdeild ríkissjóðs nema um 830 millj. kr.